

Nd.

155. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (8. gr.).

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr rikissjóði, allt að kr. 0,50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 500 kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlimdir og þak úr bárujárnri (og timbri) eða steinsteypu. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

b. (9. gr.).

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, að fengnum tillögum Búnaðarfélagsskáps Íslands, um hvernig kartöflugeymslur skuli gerðar og á hvaða stöðum þær séu nauðsynlegar. Skal þá veita þeim búnaðarfélagum eða öðrum félagsskápm kartöflufurframleiðenda, er þær lætur gera, styrk úr ríkissjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvert metið dagsverk, ef þörf er fyrir slíkar geysmlur, að dómi Búnaðarfélagsskáps Íslands.

Styrkur veitist eigi á minni geysmlur en sem rúma 1000 tunnur og eigi hærri upphæð en 500 kr. til hverrar.

2. gr.

Upphaf 13. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, að eignast hestaverkfæri til jarðyrkju og garðræktar, svo og heyrinnuvélar og steingálga.

3. gr.

Síðari málsgrein 15. gr. laganna, sem verður 17. gr., orðist svo:

Heimilt er að styrkja með allt að $\frac{1}{4}$ verðs kaup á dráttarvélum ásamt tilheyrandi jarðvinnslu- og garðyrkjuverkfærum, og séu þær þá eign búnaðarfélagsskáps, enda sé áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin lög nr. 52, 19. maí 1930.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 40, 7. maí 1928, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaganna um verkfærakaupasjóð er styrkur aðeins veittur til þess að kaupa jarðvinnsluáhöld. Óskir hafa komið víðsvegar að um, að fleiri vinnuvélar yrðu styrks aðnjótandi. Þykir nefndinni rétt, einkum með tilliti til erfiðleika þeirra, sem bændur hafa nú við að búa, að veitt sé heimild til þess að styrkja kaup á heyrinnuvélum. Þá þykir og rétt, að garðyrkjuverkfæri, sem hestum er beitt fyrir, verði einnig styrks aðnjótandi, og þá ekki sízt vegna búnaðarfélagsskáps starfandi í kaupstöðum, sem að miklu leyti starfa að garðrækt. Þessi félög geta ekki notað sinn hluta úr verkfærakaupasjóði nema að litlu leyti, ef ekki má styrkja menn til þess að kaupa garðyrkjuverkfæri. Er

og full þörf á því að glæða áhuga almennings fyrir aukinni garðrækt; mætti þetta verða einn þáttur í þeirri viðleitni.

Þá er og gert ráð fyrir, að kartöflugeymslur í einstökum héruðum verði styrktar eftir svipuðum reglum og gildir um heyhlöður. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands mun ekki þörf á slíkum geymslum nema á 6—8 stöðum á landinu utan Reykjavíkur. Þykir rétt að stuðla að aukinni ræktun kartaflna og greiða fyrir sölu þeirra með því að styrkja byggingu á geymsluskálum.